

Þriðjudaginn 16. nóvember 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fundarsal í stjórnarsýsluhúsi Dalabyggðar og hófst hann kl.14:30

Mættir voru: Skúli Guðbjörnsson og Ragnheiður Pálsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason og Jón Egill Jóhannsson voru í gegnum fjarfundabúnað. Einar Jón Geirsson mætti kl.15:00.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson sveitarstjóri og Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Sæþór Sindri Kristinsson, Viðar Þór Ólafsson, Kristján Ingi Arnarsson og Grettir Örn Ásmundsson voru gestir undir dagskrárlið 1.

Ómar Guðmundsson var gestur undir dagskrárlið 4.

1. Ástand íbúða, athugasemdir og skoðanir.

Farið er yfir úttekt og athugasemdir á íbúðum Bakkahvamms hses. og samskipti við Hrafshól í framhaldinu. Einnig farið yfir framkvæmdir á bílastæðum, þau verða löguð undir veturinn og stefnt á að helluleggja næsta vor. Jóhanna fór yfir fjárhagsstöðu Bakkahvamms hses. með sama rekstri áfram verður raunhæft að ganga frá bílastæðum næsta vor.

2. Brúarfjármögnun vegna stofnframlags

Skúli hafi samband við Íslandsbanka og óski eftir brúarfjármögnun hjá þeim. Verði svarið jákvætt verði því tekið og Bakkahvammur hses. færi viðskipti sín þangað.
Samþykkt.

3. Fundur með Bríet

Stjórnin óskar eftir fundi með Leigufélaginu Bríet til að ræða uppbyggingu leiguíbúða í Dalabyggð. Fundi verði komið á fyrir 3. desember nk. til að hægt sé að skoða skipulag lóða í framhaldinu.

Samþykkt.

4. Viðbrögð Hrafshóls við athugasemdum Bakkahvamms hses.

Ómar Guðmundsson fer yfir athugasemdir og viðbrögð. Ómari er boðið í heimsókn til að undirrita samkomulag um úrbætur, tímasetning ákveðin síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:40